

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Helguvík Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	12.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Helguvík	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Stakksbraut 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4702072800	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Torfi Dan Sævarsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	325803,637 396347,214

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í álver Norðuráls í Helguvík. Staðfest var að engin starfsemi er í gangi og núllskýrslum hefur verið skilað til UST fyrir árið 2017.

Ein ábending var gerð varðandi geymslu byggingarefna (járnbindinga og rafmagnstafna) í verksmiðjuhúsinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Norðurál Helguvík.

Staðfest var að engin starfsemi er hafinn og ekki liggur fyrir hvort eða hvenær rekstur hefst. Á meðan starfsleyfi er í gildi hefur Umhverfisstofnun virkt eftirlit og reglubundnar eftirlitsferðir. Minnt var á að hafa samráð við Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd Suðurnesja þegar ákvörðun um rekstur liggur fyrir. Uppfæra þarf áætlanir, s.s. umhverfsvöktunaráætlun, áætlun vegna rekstrarstöðvunar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Þá skal mæliáætlun lögð fyrir Umhverfisstofnun til samþykktar a.m.k. 6 mánuðum fyrir gangsetningu. Mikilvægt er að standa vel að bakgrunnsvöktun og æskilegt að hún standi yfir a.m.k. 12 mánuði fyrir gangsetningu. Þá þarf að sækja um losunarleyfi vegna gróðurhúsalofttegunda tímalega fyrir gangsetningu.

Núllskýrslum fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald var skilað til Umhverfisstofnunar 25. apríl sl.

Verksmiðjulóðin er afgirt og svæðið vaktað. Farið var í skoðunarferð um lóðina. Járnbindingar, rafmagnsrör og rafmagnstöflur eru geymdar undir þaki í verksmiðjuhúsinu. Þá voru fjórir lokaðir gámar með einangrunarrörum á lóðinni.

ATHUGASEMDIR

Í skoðunarferðinni var staðfest að járnbindingar og rafmagnstöflur voru geymdar á verksmiðjugólfi. Einungis er þak yfir hluta verksmiðjuhússins og því pollar og bleyta svo hættu er á tæringu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.10.2018

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir